

Greinargerð með viðauka



Vesturbyggð 19. september 2022
Málsnúmer: 2201050 BSS

Efni: Greinargerð með viðauka vegna leikskólans Arakletts

Tilkoma þessa viðauka er ánægjuleg, þar sem börnum á leikskólaaldri á Patreksfirði er að fjölga. Til þess að börn sem verða 14 mánaða í október 2022 komist inn á leikskólann fyrir haustið 2023 er mikilvægt að skoða hvaða leiðir sveitarfélagið hefur til að bregðast við húsnæðisskortri.

Á aukafundi bæjarráðs 19. september 2022 er lögð fram tillaga að viðauka vegna kaupa á ævintýraborg við leikskólann Arakletti á Patreksfirði. Um er að ræða 144 m² húsnæði auk tengibyggingar. Innra skipulag er unnið af leikskólastjóra í samráði við starfsmenn leikskólans. Það tekur um 17-18 vikur að setja upp ævintýraborgir eftir að húsnæðið hefur verið pantað. Sé húsnæðið pantað í september 2022 á það að vera tilbúið, án áfalla, í febrúar 2023. Starfsmannaástaðan yrði færð að öllu leiti í Kot, sú aðstaða sem er inn í aðalbyggingu Arakletts yrði þá betur nýtt fyrir leikskólabörn.

Hugmyndin var rædd utan fundar bæjarráðs 13. september sl., kynnt bæjarfulltrúum sama dag og tekin fyrir í fræðslu- og æskulýðsráði 14. september sl.

Heildarkostnaður við húsnæði og undirbúning jarðvegs, tengingar o.fl. er 80 m.kr. Að hluta til væri húsnæði Arakletts lagað á sama tíma. Frekari breytingar á skipulagi Arakletts og vinna við leikskólalóðina verða unnar samhliða eða í kjölfarið. Þegar um viðbótarkostnað er að ræða vegna þeirra framkvæmda verður það tekið fyrir í bæjarráði, en líklega fellur sá kostnaður aðeins til árið 2023 og yrði því að gera ráð fyrir því í fjárhagsáætlun ársins.

Auk framangreinds kostnaðar þarf að gera ráð fyrir húsbúnaði í húsnæðið og aukningu stöðugilda við leikskólann. Þessi kostnaður kæmi til á árinu 2023.

Virðingarfyllst,

Þórdís Sif Sigurðardóttir